

5. gr.

Þegar staðfestur hefur verið smitsjúkdómur í klak- og eldisstöð skal dýralæknir fisksjúkdóma leita samráðs við fisksjúkdómanefnd um nauðsynlegar aðgerðir og skal hann hafa yfirumsjón með þeim sóttvarnaaðgerðum sem mælt er fyrir um, hverju sinni.

6. gr.

Dýralæknir fisksjúkdóma skal að staðaldri halda skrá yfir klak- og eldisstöðvar í landinu. Þar skal tilgreina aðstöðu og búnað þeirra, vatnsból, uppruna stofnfiska, kaup og sölu á hrognum og seiðum og annað sem kynni að skipta máli varðandi smitsjúkdóma og dreifingu þeirra.

Árlega skal hann gera yfirlit um heilsufar fiska og fisksjúkdóma sem staðfestir hafa verið og varnaraðgerðir gegn þeim. Afrit af yfirliti þessu skal vera tiltækt á fisksjúkdómaeild Tilraunastöðvarinnar að Keldum.

7. gr.

Kostnaður við ferðir, sýnatöku eftirlit dýralæknis fisksjúkdóma með klak- og eldisstöðvum skulu viðkomandi stöðvar greiða, í samræmi við gjaldskrá sem landbúnaðarráðuneytið setur.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum um dýralækna nr. 77/1981, sbr. lög nr. 61/1985 og tekur gildi þegar í stað.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Reykjavík, 20. febrúar 1986.
Páll S. Pálsson.

Erindisbréf þetta staðfestist hér með.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1986.

Jón Helgason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. febrúar 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur. Stofnandi er Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er nú kr. 70 000,00 — sjöttíu þúsund krónur.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Tekjur sjóðsins eru:

- a) vextir,
- b) söfnunarfé, sem félagar í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur safna til eflingar sjóðnum,
- c) gjafir, áheit og aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki eða námslán til févana ungmenna, sem eiga við að búa erfiðar heimilisástandur, eru orðin á eftir í námi og/eða hafa lent í erfiðleikum gagnvart yfirvöldum og skólum.

5. gr.

Veita má árlega $\frac{3}{4}$ hluta af vöxtum sjóðsins, en leggja $\frac{1}{4}$ hluta vaxtanna við höfuðstól hans, skal svo gert þar til höfuðstóll sjóðsins hefur náð þeirri upphæð að heildarvextir hans nægja að mestu til skóla- eða námskostnaðar fyrir eitt ungmenni vetrarlangt. Þá má árlega veita upphæð, sem nemur öllum vöxtum höfuðstólsins.

6. gr.

Verði ekki árlega veitt úr sjóðnum, sbr. 5. gr., má geyma upphæðina og ráðstafa henni annað ár. Veita má fleirum en einum umsækjanda aðstoð samtímis.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur og tvær til vara. Skulu þær vera félagar í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur og kosnar á aðalfundi klúbbsins. Kosið skal til tveggja ára og endurkjósa má einu sinni. Aldrei skulu allir sjóðsstjórnarmenn ganga úr stjórninni samtímis. Verði Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur leystur upp, skal gera breytingar á þessu ákvæði. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum og kýs úr eigin hópi formann, ritara og gjaldkera. Stjórnin skal hafa forgöngu um fjáröflun til sjóðsins og annast veitingu úr honum. Stjórnin skal færa gerðabók.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af aðalfundi Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir styrktarsjóð Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur sem staðfest var af forseta 3. apríl 1964 og birt var í B-deild Stjórnartíðinda nr. 55/1964 og er sú skipulagsskrá hér með felld úr gildi.

12. gr.

Leita skal samþykkis forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.